

## **Framsóknarflokkurinn**

1. Hver er stefna Framsóknarflokksins varðandi strandveiðar?
2. Mun Framsóknarflokkurinn stuðla að auknum strandveiðum verði þeir í næstu ríkisstjórn?
3. Telur Framsóknarflokkurinn strandveiðar umhverfissvænar?
4. Telur Framsóknarflokkurinn að hægt sé að ofveiða þorsstofninn með strandveiðum?

**Framsókn leggur áherslu á sjálfbæran og réttlátan sjávarútveg sem tryggir langtímaafkomu bæði fiskistofna og sjávarbyggða. Mikilvægt er að efla rannsóknir og nýsköpun í greininni, stuðla að góðri umgengni um auðlindir og vinna gegn brottkasti. Auk þess að leggja áherslu á að efla samkeppnishæfni fyrirtækja og að fiskveiðistjórnunarkerfið virki til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Framsókn styður einnig ábyrgt fiskeldi með skýrri lagaumgjörð og vísindalegu eftirliti. Auk þess eru nýsköpun og fullnýting sjávarfangs, eins og þangs og þörungna, áherslur sem styrkja atvinnu og nýsköpun. Sjávarútvegur á að vera byggður á traustum vísindalegum grunni og skapa störf í öllum landshlutum. Sýn Framsóknar í sjávarútvegi snýst um að tryggja sjálfbærni, nýtingu auðlinda og efnahagslegan vöxt í sjávarútvegi.**

**Framsókn leggur áherslu á að strandveiðikerfið sé endurskoðað þannig að strandveiðimenn um allt land hafi sömu tækifæri til veiða. Horfa verði til svæðisskiptingar og úthlutun á heimildinni samkvæmt henni.**